

35. Skólanefndarfundur hjá Skólanefnd Skeiða og Gnúpverjahrepps. Haldinn í Brautarholti kl 16:00 25 apríl um Leikskólamáli.

Mætt Einar Bjarnason, Ásmundur Lárusson, Bjarni Másson, Ingvar Hjálmarsson. Elín Anna Lárusdóttir leikskólastjóri, Helga Guðlaugsdóttir fulltrúi starfsfólks og Rósa Birna Þorvaldsdóttir fulltrúi foreldra.

1mál : Leikskóladagatal 2017-2018

Leikskólastjóri kynnti dagatalið og er það með sama sniði og undanfarin ár. Skólanefnd samþykkir dagatalið.

2mál:

Skýringarmynd af verkferli sérkennslu í Leikholti. Leikskólastjóri kynnti hvernig sérkennslu er háttað í Leikholti. En aðrir skólar eru farnir að horfa til Leikholtis til að kynna sér aðferðirnar sem hér eru notaðar. Til dæmis hefur Félag sérkennara boðað komu sína í maí til að kynna sér hvernig málum er háttað. Skólanefnd lýsir ánægju sinni með hvernig að sérkennslumálum er staðið.

3mál:Starfsmannamál og barnafjöldi.

Börnin eru 34 núna en verða 36 í næstu viku. Reiknað er með að í ágúst byrjun verði börnin 24 . Stöðugildi starfsmanna verða í haust 5.8 sem er ekki nóg miðað við barnafjölda. Leikskólastjóri óskar eftir að auka starfshlutfall til að mæta þessari auknu þörf. Skólanefnd samþykkir .

4mál: Viðhaldsmál í Brautarholti.

Leikskólastjóri lýsir óánægju sinni með vinnubrögð þeirra sem lögðu gólfdukkinn í matsalnum og frágang þess verks. Skólanefnd tekur undir með leikskólastjóra. Einar formaður skólanefndar tekur að sér að vinna í þessu máli og leita lausna .

5mál: Önnur mál.

Engin önnur mál.

Einar Bjarnason  
Helga Guðlaugsdóttir  
Rósa Birna Þorvaldsdóttir  
Ásmundur Lárusson  
Bjarni Másson  
Elín Anna Lárusdóttir